

Vogaskóli



60 ára

Ritnefnd



Steinunn Glóey Höskuldsdóttir



Sóléy Gísladóttir



Freyja Petersen



Freyja Isobel Benjamin

Ábyrgðarmaður:



Leifur Reynisson

Efnisyfirlit

<i>Ritnefnd</i>	<i>Bls 1</i>
<i>Ávarp skólastjóra</i>	<i>Bls 4</i>
<i>Viðtal við Guðrúnu Gísladóttur</i>	<i>Bls 5</i>
<i>Viðburðir og ráð</i>	<i>Bls 7</i>
<i>Viðtal við Guðmund Guðbrandsson</i>	<i>Bls 9-10</i>
<i>Kennaragöbb</i>	<i>Bls 11-12</i>
<i>Viðtal við Sigrúnu Börnsdóttur</i>	<i>Bls 13-14</i>
<i>Söguágrip Vogaskóla</i>	<i>Bls 15-27</i>



Ávarp skólastjóra

Ágætu lesendur

Skólinn okkar er 60 ára gamall og er hann einn af eldri skólum borgarinnar. Þegar litið er yfir farinn veg er óhætt að segja að nokkrar breytingar hafi orðið á skólstarfinu á þessum árum hvað skólalald, skólastarf og nemendafjöldi varðar. Nýjar hugmyndir og umfang skólastarfseminnar hefur þróast og breyst. Lengd viðvera, skóli án aðgreiningar, einsetinn skóli, skólamaturlausn, einstaklingsmiðað nám og frístund eru hugtök sem fela í sér þessar breytingar. Þegar Vogaskóli var sem fjölmennastur voru í skólanum rúmlega 1600 nemendur og hann þrífur enn í dag erum nemendur rúmlega 300 í einsetnum skóla. Byggingasögu skólans og þær breytingar sem orðið hafa í skólanum og hverfinu verður gert skil í 60 ára afmælisriti skólans sem Leifur Reynisson kennari ásamt nemendum í 10. bekk unnu. Gildin okkar þrjú, virðing, samvinna og ábyrgð sem samín voru í samráði við stjórn nemendafélagsins, skólaráð, foreldrafélagið og starfsfólk skólans eru í raun viðmið eða viljayfirlýsing sem sett eru fram með það að markmiði að við viljum verða betri manneskjur.

Samstarf og samvinna felur í sér virðingu og ábyrgð og er lykillinn að ánægjuríku skólstarfi. Einstaklingsmiðað nám og sérkennsla þarf að vera samofið heildarskipulagi bekkjar- og kennslufyrirkomulagi og þar reynir á faglega færni kennarans og þverfaglegt samstarf. Öll börn eiga að hafa sömu tækifæri til náms og það er skólans og foreldranna að virkja þau til dáða. Sameiginlegur skilningur heimilis og skóla í vegferð barnsins er mikilvægur til að auka námsárangur og vellíðan. Sýnin á börnin þarf alltaf að vera skýr því hvert einasta barn er einstakt og á sér sitt innra líf.

Ég óska okkur öllum innilega til hamingju með 60 ára afmælið og ber þá von í brjósti að Vogaskóli haldi áfram að þroskast sem sveigjanlegur og víðsýnn skóli með margbreytileika og umhyggju að leiðarljósi.



Viðtal við Guðrúnu Gísladóttir

Guðrún Gísladóttir hefur kennt verklegar greinar við Vogaskóla undanfarin ár. Hún samdi jafnframt textann „Vogaskóli er vinur þinn“ og því þótti ástæða til að taka Guðrúnu tali og spyrjast fyrir um tilurð hans. Þess má einnig geta að hún teiknaði forsíðumynd afmælisblaðsins.

Hve lengi hefur þú starfað í skólanum?

Þetta er sjötta árið mitt. Ég byrjaði að kenna smíði en fór svo yfir í myndmennt og líður mjög vel þar.

Hvernig kom hugmyndin að textanum?

Vogaskóla vantaði söng sem sameinaði alla nemendur. Ég hef alltaf haft gaman af því að búa til vísur og ákvað að spreyta mig á þessu. Þegar ég fór að hugsa um Vogaskóla þá fannst mér að textinn þyrfti að fjalla eitthvað um það að við værum öll eins, það skiptir ekki máli þó við séum ólík við erum samt öll nemendur hér og við erum í rauninni öll eins.

Hvað var skemmtilegast við gerð textans?

Að heyra hann sunginn í fyrsta skiptið, það var alveg dásamlegt. Einnig þegar að það var komið lag undir þá gat ég ekki annað en brosað.

Hvað er langt síðan að lagið varð til?

Það eru þrjú ár síðan.

G

U

Ð

R

Ú

N

Vogaskólasöngurinn

Í Vogaskóla víst er gott að vera,
vinna og sitt allra besta gera.
Vini eignast allir eru saman,
veistu það er ótrúlega gaman.

*Vogaskóli er vinur minn,
velvild þar og gleði finn.
Hann bestur er í heimi hér
bæði handa þér og mér.*

Með samvinnu við sigrum allan vanda
og sækjum fram til ævintýralanda.
Því skóli er þá eins og ævintýri,
þar kátir krakkar setj'upp á sig stýri.

*Vogaskóli er vinur minn,
velvild þar og gleði finn.
Hann bestur er í heimi hér
bæði handa þér og mér.*

Og virðingu við viljum öðrum sýna
og velja þar'að horf'á kosti fína.
Því allir hafa eitthvað gott að gefa,
þann góða sannleik drögum ekk'í efa.

*Vogaskóli er vinur minn,
velvild þar og gleði finn.
Hann bestur er í heimi hér
bæði handa þér og mér.*



Viðburðir & Ráð

- Árshátíð
- Böll
- Fjölgreindarleikar
- Laugardalsleikar
- Öskudagsfjör
- Vorhátíð
- Blysfærð
- Páskabingó
- Jólaföndur
- Söngleikir
- Skólahreysti
- Lúsía
- Helgileikur
- Skrekkur
- Nemendaráð
- Miðstigsráð
- Foreldrafélag
- Skólaráð



Guðmundur

Guðmundur Guðbrandsson þekkir sögu Vogaskóla manna best en hann starfaði við skólann frá 1960-1996, fyrst sem kennari en frá 1981 sem skólustjóri. Það þótti því við hæfi að taka Guðmund tali og spyrja hann út í skólastarf síðustu aldar.

Hvenær hófstu störf í Vogaskóla?

Ég hóf störf í Vogaskóla haustið 1960 eftir að hafa útskrifast úr Kennarskólanum þá um vorið eftir 4 ára nám. Ég tók söngkennslu sem hliðargrein samhliða almennu kennaranámi og stefndi alltaf á að gera tónlistarkennslu að hluta í mínu kennslustarfi. Ég hóf nám við söngkennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík árið 1961 og lauk prófum vorið 1963. Samtímis náminu kenndi ég áfram við Vogaskóla og þá aðallega söng.

Hvernig var starf þitt? Hvað fannst þér skipta mestu máli?

Eins og áður segir hafði ég mikinn áhuga á tónlistarkennslu og fyrstu árin kenndi ég stundum eingöngu söng, blokkflautuleik og var með kórstarf. Síðari áratugina kom ég meira inn í kennslu í öðrum námsgreinum og þá helst þær greinar sem erfitt var að fá kennara til að kenna svo sem eðlisfræði og sumar valgreinar. Mér fannst alltaf skipta mestu

máli að öllum liði vel í skólanum eða að minnsta kosti ekki verr en utan hans eða heima hjá sér.

Hvernig var Vogaskóli fyrstu árin?

Vogaskóli var frá upphafi hugsaður sem heildstæður skóli fyrir alla árganga skyldunámsins að viðbættum landsprófs- og gagnfræðadeildum. Stofnun skólans var undirbúin með því að velja saman í bekki þá nemendur í Langholtsskóla sem búsettir væru í væntanlegu skólahverfi hins nýja skóla. En byggingaráætlunum seinkaði og hverfið byggðist hraðar upp en búist var við, fólkið flutti inn í bílskúra eða bjó í kjallaranum meðan verið var að innrétta hæðina. Þetta misgengi hafði gífurleg áhrif á allt skólastarfið í tuttugu ár og um mitt sumar var oft alls óvíst hver yrði raunverulegur nemandafjöldi að hausti og enn síður var þá ljóst hvaða húsnaði yrði til afnota fyrir kennsluna í skólabyrjun.

Manstu eftir einhverjum



skemmtilegum uppákomum?

Desembermánuður fannst mér alltaf dálítið erfiður. Jólaundirbúningur byrjaði fljótlega eftir mánaðamótin. Það þurfti að æfa leikrit fyrir jólaskemmtanir sem voru haldnar reglulega síðustu dagana fyrir jólafrí. Það þótti sjálfsagt að söngkennarinn væri alltaf með í ráðum og stundum voru settir upp viðamiklir „söngleikir“ sem kröfðust æfinga og búninga-gerðar. Kennarar voru undan-tekningarlaust sammála um að það að æfa leikrit hefði mikið uppeldisgildi fyrir börnin. Það var ríkjandi sjónarmið í skólanum að sem flestir fengju tækifæri til að komast á svið en ekki eingöngu þeir „hæfustu“. Annað sem olli dá-

Guðbrandsson

litlu aukaálagi í desember var jólaföndrið í hverjum bekk. En það sem gerði okkur yfirmennina nánast taugaveiklaða fyrir jólin var ásóknin í kertaljós. Allir vildu fá kerti á hvert borðshorn á meðan nemendur föndruðu og kennarinn las skemmtilega sögu. En svo glumdi skólabjallan, allir stukku út í frímínútunum og allt var skilið eftir í óreiðu inni í stofunni.

Var raðað í bekki eftir námsárangri eða einhverju öðru?

Viðhorf skólastjóra Vogaskóla var frá upphafi að draga eitt-hvað úr röðun í bekki eftir námsgetu eða kunnáttu. En þar sem ég starfaði svo til eingöngu við barnadeildirnar fyrstu tuttugu árin fylgdist ég minna með í gagnfræðadeildunum. Ég held að fyrstu árin hafi þau börn sem voru talin vera læs við upphaf skólagöngunnar verið valin saman í einn eða tvo bekki þar sem ekki var talin þörf á frumkennslu í lestri. Ólæsu hóparnir sem voru mismargir eftir stærð árganga fengu þá byrjunarkennslu í lestri fyrsta veturinn. Ég held að skólayfirvöld í Vogaskóla hafi verið tiltölulega opin fyrir færslu milli bekkja ef kennarar eða for-

eldrar óskuðu eftir því.

Hvað með nestis- og matarmál? Var boðið upp á eitt-hvað í skólanum?

Í gagnfræðadeildum var snemma byrjað að selja nemendum mjólk og snúða í löngu frímínútunum. Allir voru sammála um að þetta væri einhver óhollasta fæðan fyrir nemendur en aðstaða til að gera betri hluti var alls engin fyrir hendi. Enginn salur til afnota fyrir nemendur og neyslan fór að mestu fram á skólagöngunum. Nokkru síðar var tekin upp mjólkursala fyrir nemendur yngri deilda en kennarar lögðu áherslu á að börnin kæmu með hollt og gott nesti að heiman.

Hvernig var skólalóðin?

Skólalóðin var alltof lítil meðan skólinn var sem fjölmennastur. Oft komu upp árekstrar á milli eldri nemenda sem vildu hafa plássíð fyrir boltaleiki og yngri nemendur sem léku sér á annan hátt. Sagt var að tvö eða þrjú raðhús hefðu fyrir mistök lent inn á skólalóðinni eins og hún var upphaflega hugsuð. Ekki bætti úr skák

þegar lausum kennslustofum var svo komið fyrir á því litla leiksvæði sem nemendum var ætlað. En leiktækjum fjölgaði og aðstaðan batnaði smátt og smátt.

Hvernig var félagslífið? Voru einhverjir klúbbar eða tómstundatímar?

Þegar skólinn var sem fjölmennastur var félagslífið mjög fjölbreytt. Valgreinakerfið gerði þá mögulegt að halda uppi margbreytilegum hópum og það var tiltölulega auðvelt að safna saman nægilega mörgum nemendum til að leyfilegt væri að stofna til kennslu í einhverjum greinum. Einna vinsælust og lífsseigust var leiklistin og skólinn fékk reynda leikara og leikstjóra til kennslu í valhópunum og mjög oft voru sýningar þessa hópa uppistaðan í skemmtiatriðum á árlegri árshátíð skólans. Sama má segja um ýmsar verklegar greinar. Þar var á tímabili mjög fjölbreytt starfsemi á háu listrænu plani. En með fækkun nemenda var þetta erfitt og loks óframkvæmanlegt nema tvær til þrjár valgreinar.



Pegar ég var í Vogaskóla var mikið um aprílgöbb. Bekkurinn minn var búinn að vera í miklum samskiptum við einn bekkinn í Réttarholtsskóla og við ákváðum að gabba kennarana. Bekkurinn minn skipti við bekkinn í Réttarholtsskóla. Við mættum í tíma þar og þau í Vogaskóla. Það var mjög fyndið að sjá hvernig kennararnir brugðust við en þeir urðu mjög ruglaðir í ríminu.

Nafnlaust

Kennard

Þegar ég var nemandi í Voga-skóla voru kúluhurðarhúnar á öllum hurðum skólans. Ég og vinum mínum fannst mjög fyndið að funhita hurðarhúnana og láta síðan kennarana taka í þá og brenna sig. Við gerðum þetta nokkrum sinnum og fengum alltaf jafn skemmtileg viðbrögð. Það var þó ekki jafn skemmtilegt þegar það komst upp en þá var maður húðskammaður.

Sigrún Björnsdóttir



göbb

Sigrún

Viðtal við Sigrúnu Björnsdóttur

Sigrún Björnsdóttir hefur verið viðloðandi Vogaskóla frá fyrstu tíð. Hún hóf nám við skólann nú ára gömul árið 1959 og var nemandi hér þar til hún útskrifaðist sem gagnfræðingur árið 1966. Eftir fjögurra ára nám við Kennaraskólann gerðist hún forfallakennari við Voga-skóla árið 1972. Sigrún var við kennslu fram til ársins 1987 þegar hún sneri til annarra starfa. Ekki leið þó á löngu þar til hún var aftur komin í Voga-skóla þar sem hún hefur starfað sem námsráðgjafi undanfarin ár. Við tókum Sigrúnu tali og báðum hana um að segja frá skólagöngu sinni. Hér verður stiklað á ýmsu sem kom fram í viðtalinu.

Skólabragurinn

Ég var nemandi við skólann þegar hann var sem fjölmennastur en nemendur urðu flestir rúmlega 1600. Það var kennt í hverju skúmaskoti. Þá var raðað eftir getu. Meiri fjarlægð var á milli nemenda og kennara á þessum árum enda ríkti meiri agi og meiri virðing var borin fyrir kennurum. Núna er meira jafnræði á milli nemenda og kennara, það er góð breyting.

Kennslustundirnar

Kennslustundir voru kennslustundir, engir símar eða eitthvað

sem dreifði athyglinni. Þá hlustuðu nemendur á kennarann því maður átti alltaf á hættu að verða tekinn upp og yfirheyrður! Þá voru nemendur látnir þylja upp texta og staðreyndir sem komu fyrir í lesefninu, engar umræður eins og núna. Það var oft fjörugt í frímínútum, þá má segja að allir hafi fengið útrás fyrir að tala og hreyfa sig. Þá var stundum best að hafa sig hæga því fyrirferðin og fjörið gat farið úr böndunum.

Íþróttakennsla í bragga

Fyrstu ár skólans fór íþróttakennslan fram í gömlum herbragga, Hálogalandi, sem stóð u.þ.b. fyrir neðan fiskbúðina Hafberg. Svo fengum við íþróttahúsið sem MS hefur núna. Íþróttatímarnir voru mjög fjölbreyttir, áhaldaleikfimi, boltaleikir (ekki fót- eða handbolti) og ýmsar leikfímiafingar og hlaup.

Gömlu laugarnar

Fyrst var sundkennslan í gömlu sundlaugunum í Laugardal. Þær voru mjög frumstæðar. Allt úr timbri sem var sleipt í bleytu og búningsklefar bara með snögum og stundum varð maður að klæða sig í og úr úti.

Matmálstímar

Allir með nesti. Langur matartími var þannig að allir komust heim. Við bjuggum flest öll í

hverfinu, ef ekki þá fór viðkomandi með vini sínum í mat. Mömmurnar voru flestar heimavinnandi. Ég bjó í tveggja mínútna fjarlægð frá skólanum þannig að matartíminn nýttist mér vel. Það var líka kennt á laugardögum en þeir voru styttri þannig að við vorum annað hvort bara fyrir eða eftir hádegi.

Félagslífið

Félagslífið var öðruvísi í þá daga. Unglingaböllin voru æðisleg þegar ég var hér í gaggó á árunum 1963-1966. Skólahljóm-sveitir spiluðu fyrir dansi. Voga-skóli átti sína skólahljómsveit sem hét ORION. Hljómsveitin TEMPO úr Langholtsskóla kom og spilaði líka á böllum. Allir dönsuðu og skemmtu sér bæði í skólastofum og í Skála Voga-skóla sem var skreyttur með ýmsu t.d. netum og netakúlum. Á þessum árum var vinsælt að stunda skák, handbolta og fótbolta. Svo var einnig eftir að ég gerðist kennari.

Skólaferðalög

Ferðalög voru líka tíðari en síðar varð. Þau voru sérstaklega mikilvæg fyrir nemendur til að efla tengsl og vináttu. Það var farið í skíðaferðir í Jósepsdal á veturna. Þá átti skólinn skíði sem við gátum fengið lánuð. Fáir áttu skíði sjálfir. Renndum við okkur í tvo daga en um nóttina var gist í Ármannsskálanum. Draugasögur kennaranna um kvöldið

Björnsdóttur

eru mjög minnisstæðar. Á lokaári var farið í langa ferð austur í Skaftafellsýslu, að Lómagnúpi. Við gistum á Kirkjubæjar-klaustri, klifum Systrastapa, heimsóttum systkinin sem bjuggu þá á Núpsstað og margt fleira. Það var mjög fróðlegt. Helgi skólastjóri sagði okkur margar sögur af fólki, sérstaklega frá fyrri tíð, og fræddi okkur um náttúruna.

Minnisstæður helgileikur

Helgileikurinn er dæmi um hefð sem haldist hefur í mörg ár. Hann hefur þó breyst örlítið þar sem ekki eru lengur notuð lifandi kerti. Ég man eftir því þegar ég stóð á svölum Skálans og söng eins og engill enda í englakór. Þá verð ég vör við að einhver er að slá á öxlina á mér í miklum ákafa. Kom þá í ljós að stelpa fyrir aftan mig hafði rekið kertið sitt í hárið á mér, þannig að hárið á mér stóð í ljósum logum. Kennarinn sem hafði slegið mig svona í öxlina kom mér til bjargar og náði að slökkva í hárinu. Helgileikurinn hélt áfram og þetta atvik truflaði ekkert. Ég fór bara í klippingu!

Vorsýningin

Það voru alltaf sýningar á vorin á verkefnum nemenda. Þá voru verk sem unnin voru um veturinn lögð fram, bæði vinnubækur, handavinna og sameiginleg stór verkefni. Skólinn var undirlagður og mjög gaman að sjá

hvað var unnið. Nemendur fengu ekki að fara heim með vinnuna sína fyrir að sýningu lokinni á vorin. Það var alltaf vel mætt á þessar sýningar.

Vogahverfið

Hverfið hefur breyst gríðarlega frá æskuárum mínum í Karfavoginum. Engar Sólheimablokkir voru komnar, þar var bara urð og grjót. Götur voru ómalbikaðar og oft voru þær drullusvað. Stutt var í fjöruna þar sem nú eru verslanir og verkstæði. Nú er miklu meiri gróður en það var mjög berangurslegt þegar ég kom fyrst í hverfið. Í þá daga voru börnin meira áberandi enda voru þau fleiri og þau léku

sér meira úti. Aðalleiksvæði krakkanna var gatan og svo „móinn“ sem nú er leikvöllur skólans.

Efst í huga kennarans

Mikilvægt er að sýna nemendum hlýju og virðingu, að þeir finni að þeir geti treyst kennaranum sínum og geti talað við hann um hvaðeina. Þá er mikilvægt að hafa hugfast að allir eru góðir í einhverju en enginn er góður í öllu. Fjölbreytileikinn auðgar lífið.







Vogaskóli er vinur þinn

Söguágrip eftir Leif Reynisson

Upp úr síðustu aldamótum bárust fregnir af því að búíð væri að reikna út hvar miðju Reykjavíkur væri að finna. Vogaskóli reyndist vera „nafli“ borgarinnar. Landfræðileg miðja höfuðstaðarins stendur vitaskuld ekki í stað þar sem byggðin þenst sífellt út og því var einungis um tímabundið ástand að ræða. Skólinn var miðaldra þegar hér var komið sögu, sé miðað við mannsævina, og ekki annað hægt að segja en hann hafi verið búinn að koma sér vel fyrir. Sé sama líkingarmál viðhaft má segja að skólinn sé að verða roskinn, þó æskufjórið sé enn til staðar, en hann heldur upp á sextugs afmæli sitt um þessar mundir. Á slíkum tímamótum þykir hæfa að líta yfir farinn veg.

Hér verður saga Vogaskóla reifuð auk þess sem grein verður gerð fyrir þróun Vogahverfis enda náin bönd þar á milli. Miðja borgarinnar færast sífellt úr stað en skólinn er ævinlega hjarta hverfisins.

Langflest skólabörn bjuggu vestan Snorrabrautar fram að seinni heimsstyrjöld. Byggðin náði ekki mikið austar enda var Reykjavík lítið bæjarfélag á þeim tíma. Það var fyrst með stríðinu að úthverfi skjóta upp kollinum og á seinni hluta 20. aldar breyttist höfuðstaðurinn úr bæ í borg. Langholts- og Vogahverfi voru helstu nýbyggingarsvæði Reykjavíkur frá stríðslokum fram á fyrri hluta sjöunda áratugarins. Í upphafi þjónaði Langholtsskóli öllu svæðinu en nemendum

fjölgaði ört og þó skólinn væri þríséttinn átti hann sífellt erfiðara með að hýsa krakkaskarann. Skóladagurinn var mun styttri í þá daga en vegna þríséttningarinnar var kennt fram á kvöld. Annað var að leiðin úr Vogahverfi var nokkuð löng og því brýnt að reisa nýjan skóla í hjarta byggðarinnar.

Nýr skóli í nýju hverfi

Fyrsti áfangi Vogaskóla var tekinn í notkun í desember árið 1958 en segja má að skólinn eigi sér forsögu í félagsheimili UMFÍ við Holtaveg. Haustið 1957 voru fjórir bekkir unglingsdeildar í Langholtsskóla færðir þangað til bráðabirgðar í nýstofnaðan Vogaskóla. Fyrsta heila skólaár Vogaskóla í eigin byggingu hófst haustið 1959 og næsta vor mátti lesa eftirfarandi frétt í dagblaðinu Tímanum: „Fyrsta starfsári Vogaskóla lauk með uppsögn gagnfræðadeilda skólans 31. maí s.l. Í skólanum voru 470 börn í 17 bekkjardeildum, 7–10 ára gömul, og 315 unglingar í 1. og 2. bekk gagnfræðadeilda, eða alls 785 nemendur. Fastir kennarar skólans voru 15 auk yfirkennara og skólastjóra, en stundakennarar 16.“

Vogaskóli var fjölmennur frá stofnun og næstu ár gengu sífellt stærri árgangar í skólann. Hverfið tók smám saman á sig endanlega mynd. Fyrstu árin mátti sjá kindur og hesta í nágrenni byggðarinnar því búskapur var enn á útjöðrum borgarinnar. En sveitin hopaði smám saman eftir því sem





höfðustaðurinn þandist út. Ísland var óðum að breytast úr sveita-samfélagi í borgarsamfélag. Alls staðar var verið að byggja og nýir skólar fylltust jafnskjótt og þeir risu. Vogaskóli varð fljótlega einn stærsti skóli landsins enda fjölgaði nemendum þar hvað mest á fyrstu starfsárunum.

Einar Sveinsson var húsameistari Reykjavíkur á þessum árum. Hann teiknaði Vogaskóla og hafði mikil áhrif á skipulag Vogahverfis. Hin hraða uppbygging eftirstríðs-áranna varð til þess að nauðsynlegt þótti að hanna einföld skólahús sem hægt væri að reisa í áföngum eftir þörfum. Í stað einnar heildstæðrar byggingar, þar sem skólastarfið fór fram undir einu þaki, risu nokkrar byggingar á löngum tíma sem mynduðu samtengdar álmur.

Hið nýja fyrirkomulag gaf einnig kost á að koma tilteknum árgöngum fyrir í sérhúsnæði sem gekk út frá einni aðalbyggingu. Þannig samanstóð fyrsti áfangi Vogaskóla af skólastofum fyrir barnadeild en álman gekk lengi undir nafngiftinni „Litli-skóli“ og lá meðfram Gnoðarvogi. Bygg-

ingin var einnar hæðar langhýsi þar sem þess var gætt að nemendur hefðu greiðan aðgang að útileiksvæði. Næstu áfangar voru fyrir eldri árganga skólans en það voru tvö samskonar tveggja hæða skólahús ásamt tengibyggingu. Skólastofurnar mynduðu „u-laga“ form umhverfis opinn sal sem náði yfir báðar hæðir. Sérstaka athygli vöktu stóru salargluggarnir með „krabbaklónum“ sem stóðu sem krosslaga skúlptúrar fyrir sjónum manna. Vogaskóli var fyrstur til að bjóða upp á samfellda skólagöngu fyrir börn og unglinga en nemendur höfðu ævinlega farið úr barnaskóla í gagnfræðaskóla. Húsakynni skólans voru skipulögð með þeim hætti að nemendum var skipti niður á þrjár álmur eftir aldri. Einnig var gert ráð fyrir aðskildum leiksvæðum.

Fyrstu þrjú áfangar Vogaskóla voru teknir í notkun á árunum 1959-1962 en þrátt fyrir töluverða uppbyggingu höfðu menn ekki undan að bæta við kennslustofum fyrir sístækkandi nemendahóp og voru iðulega margir í

bekk á fyrstu árum skólans. Ekki bætti úr skák að lengi vel vantaði mikið upp á alla aðstöðu og má segja að skólinn hafi ekki komist í viðunandi horf fyrr en upp úr 1970. Fram að þeim tíma vantaði ýmsa mikilvæga grunnþætti svo sem sérgreinastofur, stjórnunarrými og sal fyrir íþróttir og samkomur.

Skólinn réði illa við þann fjölda sem streymdi inn í skólastofur á fyrstu starfsárunum og var nokkuð um það rætt í fjölmiðlum að hvergi væri jafn þröngt um nemendur. Við útskrift sumarið 1962 voru nemendur 1312 og hafði þeim fjölgað um rúmlega 500 á aðeins tveimur árum. Mestur varð fjöldinn um og upp úr miðjum 7. áratugnum þegar nemendur voru um 1600 og var Vogaskóli þá fjölmennasti skóli landsins. Skólastofur skólans voru oft þrúsetnar á þeim árum þrátt fyrir yfirlýst markmið borgarinnar um að útrýma þrúsetningunni enda erfitt að skipuleggja skólastarf þegar einungis þriðjungur nemenda gat verið í skólanum í einu. Stundaskrár voru oft mjög götóttar og þurftu nemendur jafnvel að koma tvisvar eða þrisvar í skólann yfir daginn.

Skólahverfið

En hvernig var umhorfs í Vogahverfi á fyrstu árum byggðarinnar? Í hverfinu risu hús eftir margra af helstu arkitektum landsins frá miðri síðustu öld. Má meðal annars nefna merkar raðhúsálengjur sem þóttu sæta tíðindum. Annars vegar voru hús eftir Gunnlaug Pálsson við Snekkjuvog og hins vegar byggingar Sigvalda Thordarson við Skeiðarvog. Þá vöktu „sænsku“ húsin, sem komu tilniðin frá Svíþjóð, ekki síður athygli en þau

risu upp úr seinni heimsstyrjöld við Langholtsveg, Karfavog og Nökkvavog. Á þessum árum tíðkaðist að menn reistu hús sín sjálfir og byggingartíminn gat því orðið nokkuð langur. Það gat tekið drjúgan tíma að koma öllu í snyrtilegt horf og sama má segja um framkvæmdir á vegum borgarinnar eins og eftirfarandi grein úr *Alpýðublaðinu* ber með sér en hún birtist vorið 1966: „Það er óneitanlega falleg sjón, sem blasir við af Grensásnum ... um jólaleytið þegar farið er að skyggja. Háhýsin og stóru fjölbýlishúsin í Álfheima- og Vogahverfi eru þá öll ljósum skrydd og setja óneitanlega svip á umhverfið. Slíkri ljósadýrð var áður ekki til að dreifa í borginni... En þegar birtir, fer glansinn ef til vill svolítið af. Þá sést, að hér er um íslenskt íbúðarhverfi að ræða, með sérkennum, sem sum er hvergi annars staðar að finna. Sé vætutið, þurfa vegfarendur að vaða aur og bleytu í ökla, því malbikunar- og gangstéttatækni hefur ekki náð þangað enn, þótt það muni nú standa til bóta. Sé sólskin, þurrkur og blástur ... þá fýkur rykið í sveipum eftir götunum, blindar og bælar gróður og smýgur jafnvel inn í skápa þrif-



inna húsmæðra. Annað, sem fljótt stingur í augun er, að ekki hefur nærri alls staðar verið gengið frá lóðum og sum húsinn ekki endanlega frágengin að utan. Af misjöfnum efnum ráðast menn í að koma sér þaki yfir höfuðið og þegar húsið eða íbúðin er tilbúin hefur boginn oft verið spenntur til hins ýtrasta og lítið er eftir í lóðina. Framkvæmdasemi borgaryfirvalda í gatna og gangstéttamálum ýtir heldur ekki á húsbýggjendur til að snyrta í kringum húsinn sín. ... Flest húsinn í Vogunum eru einbýlishús að gerð en fleirbýlishús í reynd, þar sem víða eru íbúðir í kjöllum eða risi.“

Margir bjuggu þröngt og börnin

voru mörg enda byggðist hverfið einkum upp af ungu fólki. Aðstaða fyrir krakka var bágborin fyrstu árin og má segja að gatan hafi verið helsti leikvöllurinn. Fáir hafa gert þessum árum betri skil en Einar Már Guðmundsson rit höfundur og er óhætt að segja að með skrifum hans hafi Vogahverfi eignast sitt skáld. Í sögum hans kemur m.a. fram hvílikt leiksvið hverfið var með öllum sínum nýbyggingum og krökkum í hverju skúmaskoti. Skóladagurinn var stuttur í þá daga og ekkert frístundaheimili að honum loknum og þó mæður væru flestar heimavinnandi gengu börnin að mestu sjálfala um götur og garða. Skólinn var vitaskuld ein helsta félagsmiðstöð hverfisins en Teitsjoppa þjónaði ekki síður mikilvægu hlutverki í huga margra ungmenna sem reyndu að marka sér sérstöðu með töffaraskap og stælum fjarri hvers kyns agavaldi. Þeim hafði vaxið ásmegin með tilkomu rokksins en með því hafði ungdómurinn loks fengið sína eigin menningu. Sjoppan stóð við skólann og var því samkomustaður unglunga á skólatíma sem og á öðrum tímum dagsins. Það var á þessum árum sem unglingurinn verður til sem áberandi



þjóðfélagshópur.

Stéttarskipting var minni í Vogahverfi en í grónari hverfum borgarinnar. Flestir voru af efnalitlum foreldrum komnir og höfðu fáir efni á að þykjast meiri menn í krafti peninga. Einn hópur þótti þó skera sig nokkuð úr á fyrstu árum byggðar en það voru braggabúarnir en herinn hafði verið með kamp á stríðsárunum í sunnanverðu hverfinu og þar þuggu þeir sem minnst höfðu handa á milli. Var því haldið fram að krakkar þar ættu til að vera harðskeyttir, svo mjög að jafnvel hörðustu „slagsmálahundum“ annars staðar í hverfinu stóð stuggur af þeim.

En skólinn var vettvangur æskulýðsins hvar í stétt sem nemendur stóðu. Frá fyrstu tíð leitaðist Vogaskóli við að gera starf sitt sýnilegt með ýmsum hætti. Að loknu fyrsta heila starfsári skólans birtu blöðin fréttir af afrakstri skólastarfsins eins og fram kemur í eftirfarandi frásögn Tímans frá 12. júní 1960: „Sýning var í kennslulok á alls konar handavinnu, teikningum, skrift og vinnubókum nemenda. Rösklega 2500 manns sóttu sýninguna. Var þar m. a. sýnishorn af tólmstundaíðju nemenda úr gagnfræðadeildum, en slík frjáls starfsemi var hafin síðla vetrar með stuðningi Æskulýðsráðs Reykjavíkur. Gafst þessi tilraun mjög vel.“ Af fréttinni að dæma hefur mikill áhugi verið fyrir sýningunni og má draga þá ályktun að hverfisbúar hafi tekið skóla sínum fagnandi.

Nýjungar í skólastarfi

Mikil gerjun átti sér stað innan menntakerfisins á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar og var það í takt við hraðar samfélags-



breytingar þessara ára. Skóladagurinn og skólaárið lengdist smám saman eftir því sem menntunarkröfurnar jukust og atvinnuþátta kvenna varð almennari. Skólanum var í senn ætlað að vera öruggur

vettvangur barna meðan foreldrarnir voru við vinnu og lærdómsstofnun sem veitti æskunni almenna menntun og fagkunni áttu svo hún yrði að nýtum borgurum í starfi og leik. Námið sjálft tók miklum breytingum þar sem áherslan færðist frá utanbókarlærdómi yfir í sjálfstæðara nám þar sem sköpun og skilningur voru í fyrirrúmi. Má í því sambandi vísa í eftirfarandi frétt í Vísi frá 21. maí 1965 en hún birtist eftir að blaðamenn höfðu litið við á vorsýningu Vogaskóla: „Kennslan er ekki lengur bundin eins mikið við þurrt stagl og áður, það var hægt að sjá á vinnubókum og föndurvinnu nemenda. Það færir alltaf í vöxt að nemendur vinni að verkefnum sjálfir og námsgreinarnar eru gerðar meira lifandi og skemmtilegri fyrir þá.“

Óhætt er að slá föstu að Helgi Þorláksson, fyrsti skólastjóri Vogaskóla, hafi verið meðal brautryðjenda í íslensku skólastarfi. Hann fylgdist vel með erlendum nýjungum og var ó-

hræddur við að fara nýjar leiðir og gefa nemendum frjálsari taum þó hann gæti einnig verið fastheldinn. Meðal nýjunga má nefna „opin kvöld“, valgreinar og starfsfræðslu. Dagblaðið Tíminn gerði „opnu kvöldunum“ skil í grein sem birtist 29. september 1960 en þar segir m.a.: „Var sá háttur hafður á að höfð voru opin kvöld í skólanum, nokkur í viku, þar sem nemendum gafst kostur á að njóta leiðbeiningar í ýmsu föndri. Þetta gafst mætavel, og má geta nærri, að þetta sé líka vinsælla meðal foreldra unglínganna heldur en bíó- og sjoppuráp barna þeirra.“ Mörgum stóð stuggur af „íðjuleysi“ æskunnar eins og frásögn Tímans ber með sér. Skólanum var í vaxandi mæli ætlað að halda ungdómnum frá götunni með því að bjóða upp á uppbyggilegar tólmstundir undir vökulu auga hinna fullorðnu.

En hvað fór fram á opnu kvöldi? Lítum á frásögn Vísis frá 28. janúar 1966: „Það var „opið hús“ í Vogaskólanum eitt miðvikudagskvöld fyrir skömmu er við litum þar inn. Nemendur unglínga- og gagnfræðadeilda skólans höfðu fjölmennt þangað til að hittast og skemmta sér á ýmsan hátt: leika borðtennis, badminton, spila ísknattleiksspilið vinsæla, tefla, hlusta á „Lög unga fólksins“, horfa á skuggamyndir, dansa smávegis eftir tónlist frá plötu-

spilara og sitthvað fleira — hver gerði það sem hann langaði til, enda leyfir „opið hús“ allt, sem á annað borð samræmist skóla-reglum. ... Er skólinn þá opinn kl. 8-10 á miðvikudagskvöldum og geta nemendur komið og farið þegar þeir vilja. Markmiðið er að þeir skemmti sér á heilbrigðan hátt og sjái sér sjálfir fyrir allri skemmtan. Tveir kennarar eru til að líta eftir en skipta sér af öðru leyti ekki af nemendum. Nemendafélagið hefur sölu á gosdrykkjum og kexi þessi kvöld og ágóðanum af sölunni er varið til kaupa á ýmsum tækjum, sem verða mega nemendum til skemmtunar. Klúbbar sem starfandi eru innan skólans geta fengið afnot af skólstofum þessi kvöld og haldið þar fundi sína og skólahljómsveitir fá þarna aðstöðu til æfinga. ... Yfirkennari tjáði okkur að „opna húsinu“ hefðu verið mjög vel tekið og vinsældir þess miklar og kemur um helmingur nemendanna þangað að jafnaði.“ Vogaskóli var töluvert í fréttum haustið 1966 en þá gafst nemendum í fyrsta skipti tækifæri til að velja á milli áfanga. Morgunblaðið gerði grein fyrir framtakinu í leiðara þann 12. október það ár undir yfirskriftinni „Nýjungar í kennsluháttum“: „Í vetur er gerð athyglisverð tilraun með nýtt kennslufyrirkomulag í þriðja og fjórða bekk gagnfræðastigs í Vogaskóla. Nemendum í þessum bekkjardeildum gefst kostur á að velja milli námsgreina, en slíkt valfrelsi í námsgreinum hefur verið tekið upp í skólakerfum í öðrum löndum og hefur þótt gefast vel. Tilraun þessi er gerð að frumkvæði skólastjórans Helga Þorlákssonar, og á hann miklar þakkir skildar fyrir það framtak.“ Í viðtali við Alþýðublaðið sem birtist fjórum dögum

síðar útlistar Helgi hið nýja fyrirkomulag: „Okkur finnst eðlilegt að nemendum gefist þannig kostur á að nytja sérhæfileika sína og einnig finnst okkur rétt að gefa nemendum, sem eru búnir að sitja á skólabekk átta vetur, færi á að hafna einhverjum námsgreinum. ... Skyldutímarnir eru ... samtals 22 eða 24 eftir því í hvorum árganginum er, en til viðbótar þessu geta nemendur valið sér 8–14 tíma í frjálsum námi, þannig að heildar tímafjöldinn getur verið frá 30 stundum í 38 stundir á viku. Valgreinunum er skipt í þrjá flokka og er skilyrði að valin sé ein grein úr hverjum flokki. Það er gert til að forðast of mikla sérhæfingu ... Í hinum fyrsta þessara flokka eru tungumál og reikningur, í öðrum flokknum það sem venjulegast er nefnt lesgreinar, og í þriðja flokknum verknám og listir. ... Þá er hægt að tengja saman í hópa nemendur úr báðum árgöngunum, og þannig er betur tryggt að nemendur fái námsefni við sitt hæfi.“

Það var fyrst átta árum síðar að gert var ráð fyrir valgreinakerfi í grunnskólalögum en margir skólar höfðu fylgt fordæmi

Vogaskóla þegar þar var komið sögu. Með tímanum varð valið frjálsslegra. Sem dæmi má nefna frásögn Leifs Harðarsonar en hann keppti lengi með Þrótti í blaki auk þess að vera alþjóðlegur dómari í þeirri íþrótt. Þegar hann var í 10. bekk Vogaskóla máttu nemendur koma með hugmynd að valgrein væru þeir fleiri en 10 og var þá boðið upp á hana fengist til þess kennari. Leifur hóf að æfa blak eftir að hafa í slag-togi með félögum sínum náð að safna liði og fengið Guðmund Arnaldsson kennara og íþróttافرömuð til að þjálfa piltana. Þar með var brautin rudd og er ekki að efa að margur nemandinn hefur fundið hæfileikum sínum farveg við að fá tækifæri til að fara eigin leiðir í námi.

Skömmu eftir að valgreinar komu til sögunnar gafst nemendum Vogaskóla tækifæri til að kynnst atvinnulífinu að eigin raun en skólinn hafði þá í nokkur ár boðið upp á svokallaða starfsfræðslu þar sem fjallað var um margvíslegar starfsgreinar og var hún hluti af félagsfræðikennslu skólans. Skólaárið 1964 – 1965 kom starfsfræði fyrst til sögunnar en frá og með haustinu 1967 jókst vægi hennar verulega. Upp




úr því var allur 10. bekkur sendur á vinnustað í vikutíma til að kynna sér þau störf sem hver og einn hafði áhuga á. Alþýðublaðið kynnti sér málið að „vinnuviku“ lokinni og tók Sveinbjörn Finns-son kennara tali en hann hafði umsjón með verkefninu. Viðtalið birtist 11. apríl 1968. Við grípum fyrst niður þar sem blaðamaður spyr hversu margar starfsgreinar væru í boði: „Eitthvað á milli fjöru- tíu og fimmtíu. Flest höfðu hug á að kynna sér störf varðandi flugið eða þrjátíu og eitt. En þar var auk flugmennsku, flugkennsla, flug- freyjustörf og flugvirkjun. Þá voru fóstur- og hjúkrunarstörf mjög vinsæl hjá dömum. ... Þá get ég nefnt að tvö kusu tamningar, nokkur landbúnaðarstörf og sjó- mennsku og nokkur hópur stúlkna sjúkrapjálfun og auðvitað æðimargar skrifstofu- og banka- störf. Þá er líka sjónvarpið komið á óskalistann hjá unglíngunum og alls konar tækninám.“

Eftir að nemendur höfðu sinnt störfum á vinnustað var þeim ætlað að skrifa ritgerð um reynslu sína. Þar kom meðal annars fram hvort þeir gætu hugsað sér að starfa við viðkomandi starf eða hvort þeir væru því fráhrerf. Kom fram í máli Sveinbjarnar að með því að kynna sér störf og vinnu- staði ættu nemendur auðveldara með að átta sig á hvað þau vildu taka sér fyrir hendur að námi loknu. Af viðtölum blaðsins að dæma voru nemendur ánægðir með framtak skólans eins og eftirfarandi orð Gróu Pétursdóttur bera með sér: „Þessar vinnuvikur eru alveg sjálfsagðar og til mikilla bóta því alltof lítið er gert að því að kynna nemendum störf þjóðfé- lagsins og auðvitað kynnist maður þeim best með því að fá tækifæri til að vinna þau.“

Blöðin birtu oft fréttir af störfum nemenda næstu árin. Átti það ekki síst við um þá sem voru í vettvangsvinnu á blöðunum sjálfum og fengu þeir nemendur gjarnan að birta eigin viðtöl og skrifa greinar. Morgunblaðið gerði frekari grein fyrir störfum nemenda í frétt þann 9. mars 1969 en þeim hugkvæmdist að kalla tímabilið „sæluviku“. Grípum niður í frásögn blaðsins:

„Vogaskólanemendur eyddu sinni „sæluviku“ við störf hjá ýmsum fyrirtækjum og stofn- unum. Var vettvangsvikan, eins og hún heitir á stundaskránni, einn af lokapáttum félagsfræði og starfsfræðslu sem nemendurnir hafa fengið undanfarin fjögur ár. Voga- skólinn hefur stóraukið kennslu í félagsfræði og starfsfræðslu síðustu árin.... Þá eru vikulega teknir þrjár samliggjandi tímar í hana og farið í heimsókn til ýmissa fyrirtækja. ... Strax á haustin gera nemendur óska- lista og skrifa hvaða grein þeir hafa áhuga á að kynna sér í vettvangsvíkunni. Þegar listinn er kominn snýr kennarinn sér til fyrirtækja og stofnana og skipu- leggur vikuna. ... Tóku nú 50— 60 fyrirtæki við nemendum ... Er reynslan frá því í fyrra sú að þegar gagnfræðaprófi var lokið fóru margir í vinnu á þá staði sem þeir höfðu verið vettvangs- vikuna.“

Af þessu má sjá að Vogaskóli var snemma vakandi fyrir nýjum áherslum í skólastarfi þar sem þarfir nemandans voru í fyrir- rúmi. Skólinn leitaðist í auknum mæli við að leyfa þeim að njóta sín á eigin forsendum en um leið var mikið lagt upp úr að búa þá sem best undir sam- félagið. Þar skipti að sjálfsögðu



meginmáli að skólinn hafði á að skipa starfsfólki sem var reiðu- búið að fara nýjar leiðir. Það má því gera ráð fyrir að nemendur hafi verið nokkuð sáttir við skólann sinn. Eftirfarandi frétt Morgunblaðsins frá 1. júní 1963 ber það alla vega með sér en þar segir frá fyrstu útskrift gagnfræð- inga við skólann: „Vogaskóla var slitið í gær og útskrifaði skólinn þá í fyrsta skipti gagnfræðinga, 52 talsins. Gagnfræðingarnir ný- bökuðu afhentu skólanum veg- lega gjöf, fánastöng og fána, sem reist var á flötinni fyrir framan skólann. Drógu þeir fánann að húni fyrir utan skólann er skóla- stjóri hafði afhent þeim gagn- fræðingssskirteini.“

Jólahefðir

Kirkja og skóli tengdust nánari böndum á fyrstu árum Vogaskóla en síðar varð tíðarandinn annar. Sterkar jólahefðir byggðust snemma upp í skólanum og létu blöðin ekki hjá líða að færa fréttir af því. Jólaskreytingarnar vöktu jafnan athygli en þær voru settar upp í hinum flennistöru gluggum með „krabbaklærnar“ og blöstu því við þeim sem fóru um hverfið.



Til marks um það er frétt Alþýðublaðsins sem birtist þann 28. desember 1965: „Nemendur Vogaskóla gerðu þessa fallegu skreytingu í glugga skólans og settu upp fyrir jólin. Myndin er gerð úr mislitum gegnsæjum pappír og er mjög stór, því glugginn er margir metrar á hæð. Er þetta ein stærsta og fallegast jólaskeyting sem sett hefur verið upp í borginni og ber dugnaði og smekkvísi nemenda í Vogaskóla fagurt vitni.“

Vogaskóli var sannarlega skrautfjöður hverfisins í jólamánuðinum og munu margir hafi lagt leið sína í hverfið til að skoða skreytinguna á fyrstu árum skólans. En þar með er ekki öll sagan sögð því skólinn býr einnig yfir annarri hefð sem er helgileikurinn en hann var fyrst færður upp árið 1960. Grípum niður í frásögn Tímans frá 20. desember 1961 en þar segir: „Í gærkveldi var jólasamkoma í Vogaskólanum, og var mjög til hennar vandað af hálfu nemenda og kennara, sem einskis höfðu látið ófreistað til þess, að hún yrði sem bezt. Meðal annars léku nemendur þætti úr jólaguðspjallinu. Myndirnar sýna atriði úr þessum helgileik — hin neðri Jósef og Maríu með barnið,

og fer engill fyrir þeim.“ Helgileikurinn hefur ævinlega verið færður upp í stigagangi svokallaðs „Skála“ með fyrrgreindar gluggaskreytingar sem bakgrunn. Formið er einfalt og tekur mið að húsakynnum Skálans. Aðalsviðið er stigapallurinn þar sem María og Jósef eru með Jesúbarnið í reifum og guðspjallamaður les jólaguðspjallið. Erkiengill og englakórinn koma að ofan fram á svalirnar og niður í efri stigann en hirðingjar og vitringar koma að neðan upp neðri stigann og þessir tveir hópar mætast svo á miðri leið. Englakórinn er í hvítum kirtlum og syngur þekkta jólasálma. Fyrir neðan í Skálanum sitja áhorfendur, þar á meðal foreldrar sem er ævinlega boðið á sýninguna.

Rétt er í þessu samhengi að nefna aðra jólahefð þó hún hafi komið til sögunnar mun síðar en það er Lúsíuhátíðin. Guðmundur Guðbrandsson, tónmenntakennari skólans, kynntist henni í Svíþjóð þar sem hún markar upphaf jólaundirbúnings. Fyrsta Lúsíuhátíð skólans fór fram árið 1984 en Guðmundur hafði þá tekið við skólastjórn. Nemendur í 5. bekk ganga syngjandi með ljós í hönd

niður í sal þar sem boðsgestir bíða þeirra. Ein stúlka er í hlutverki Lúsíu og syngur hún einsöng við hið fræga ítalska lag „Sankta Lusia“ en hópurinn tekur undir í viðlaginu. Nemendur syngja einnig „Við kveikjum einu kerti á“. Hópurinn gengur að lokum syngjandi til baka sömu leið og hann kom og er stundin öll hin hátíðlegasta.

Bágborin aðstaða

Þar sem enginn samkomusalur var í skólanum fyrstu árin var um fátt annað að ræða en nýta Skálann til samkomuhalds því það var eina opna rými skólans. Var það til marks um framtak og hugvitssemi starfslíðs Vogaskóla að þrátt fyrir aðstöðuleysið lét það sig ekki muna um að setja upp sýningar sem vöktu almenna athygli. Einu „salarkynni“ skólans var í raun Hálogalandsbragginn sem Bandaríkjamenn höfðu reist á stríðsárunum sem skála fyrir íþróttir, kvikmyndasýningar og samkomur. Vogaskóli fékk braggann til afnota og var hann m.a. notaður fyrir skólasetningu, próf og íþróttir. Hann átti sér merka sögu þó stutt væri. Þar höfðu Marlene Dietrich og Bob Hope skemmt hermönnum og eftir stríð varð húsið aðalvettvangur innanhúskappleikja þar til Laugardalshöllin tók við því hlutverki árið 1965. Lítil ánægja var þó með braggann sem hentaði illa fyrir íslenskar aðstæður auk þess sem öll aðstaða þótti mjög bágborin eins og eftirfarandi frásögn ber með sér en hún birtist í Morgunblaðinu 9. október 1982: „Löngum hefur viðgengist hér að skólar væru vanbúnir húsnaði til íþróttakennslu, einkum fyrstu árin. Sumum þótti því Vogaskóli vel settur hvað þetta snerti ... því

að skammt frá skólanum stóð gamall hermannabraggi, arfur frá setuliðinu. Sá hafði einnig verið byggður og búinn með það fyrir augum m.a., að þar gætu stríðsmenn fengið nokkra líkamsþjálfun við sitt hæfi. ... Ekki skorti rýmið, hátt til lofts og vítt til veggja, á gólfi gátu jafnvel hundruð manna verið að sýningu eða æfingum, og til beggja handa voru hækkandi bekkjaraðir fyrir þúsund áhorfenda. Hins vegar fór minna fyrir hreinlætisaðstöðu, jafnvel fá salerni og lítt fýsileg. Verra reyndist, að hús þetta ... var ekki reist fyrir íslenskt veðurfar og aldrei ætlað til frambúðarnota. Fór svo oft, að tæpast var þar líft fyrir kulda, og stundum var ís á gólfi að morgni fyrstu kennslustunda, enda hélt kumbaldinn hvorki vindi né vatni þrátt fyrir ýmsa viðleitni til úrbóta.“

Nemendur og starfsfólk Vogaskóla máttu sætta sig við ýmislegt á fyrstu árum skólans. Eins og fyrr segir fóru próf fram í Hálogalandi og þættu aðstæður ekki upp á marga fiska í dag eins og eftirfarandi frétt í Vísi frá 27. maí árið 1969 ber með sér. Þar segir frá landsprófi í ensku sem fór m.a. fram með þeim hætti að nemendur áttu að skrifa upp verkefni sem lesið var upp í útvarpi. Blaðið tók Pál Sigurðsson nemanda tali og fékk hann til að segja sína skoðun á prófafyrirkomulaginu: „Ég held að það hafi heppnast bærilega en það var galli að við tókum prófið í stórum sal á Hálogalandi og aðstaðan til að hlusta var bezt fyrir þá sem komu með lítil útvarpstæki með sér.“ Er þetta aðeins eitt lítið dæmi um það aðstöðuleysi sem hrjáði Vogaskóla framan af.

En lífið var meira en bara nám. Á sjöunda áratugnum bárust

stundum fréttir af uppátækjum nemenda 1. apríl en það virðist um tíma hafa verið lenska þeirra að gera eitthvað eftirminnilegt og var því misjafnlega vel tekið. Blaðamaður Alþýðublaðsins gerði slíkri uppákomu góð skil eitt árið en hann hafði rekist á glaðværann hóp ungmenna niðri í bæ og voru margir góðir með sig. Grípum niður í frásögn blaðsins frá 2. apríl 1966. Fyrst kom stutt lýsing á því sem fyrir augu bar: „Um ellefu leytið í gærmorgun 1. apríl ... fylltust götur miðbæjarins af ungu og háværu fólki, sem söng við raust.“ Þá var greint frá samtali blaðmanns við skólakrakkanna þar sem eftirfarandi ummæli komu fram: „Við erum búin að láta kennarana hlaupa apríl ofsalega. Krakkarnir í Vogaskóla fóru upp í Réttarholtsskóla og krakkarnir í Réttarholtsskóla fóru inn í Vogaskóla. Þú hefðir átt að sjá framan í kennarana þegar þeir komu í stofurnar.“

Breyttir tímar

Ungdómurinn á það vissulega til að vera uppátækjasamur og lætur sér ekki allt fyrir brjósti brenna. Ærsl hafa vitaskuld

fylgt æskunni frá fyrstu tíð en undir lok sjöunda áratugarins tók hún að láta meira á sér bera. Árgangar voru fjölmennari en áður hafði þekkt og skólaganga lengdist. Í stað þess að hefja störf á unglingsárum eins og áður tíðkaðist gátu unglingar leyft sér að njóta lífsins á eigin forsendum í ríkari mæli en áður hafði þekkt. Ungu fólkið lifði og hrærdist í eigin rokk-, bítla- og hippaheimi eftir því sem unglíngamenningin þróaðist frá einu tímabili til annars. Um 1970 tók æskulýðurinn að færa sig upp á skaftið með háværum kröfum um aukin áhrif á eigið líf. Ungu fólkið vildi breytingar og það vildi sjálft hafa eitthvað um það að segja hvernig samfélag og skóli þróuðust.

Til marks um aukna ólgu meðal æskunnar var kröfuganga sem landsprófsnemendur stóðu fyrir snemma árs 1969. Þjóðviljinn gerði grein fyrir atburðarrásinni í frétt 15. febrúar 1969:

„Kröfuganga landsprófsnemenda hófst á slaginu kl. 3 í gærdag og reyndist það fríður og föngulegur hópur er lagði upp frá Gagnfræðaskóla Austurbæjar og gekk áður boðaða leið ... út á Arnarhólstún og röðuðu sér kringum styttuna af Ingólfi Arnarsyni ... og stóðu þar stillt og róleg meðan sendinefnd



var gerð út af örkinni með kröfu-skjal.“ Meðal fulltrúa var Steinunn Gunnarsdóttir úr Vogaskóla en leið nefndarinnar lá í Menntamálaráðuneytið með eftirfarandi kröfur: „Fullkomin endurskoðun skólakerfisins frá rótum. Fjárframlög til skóla verði aukin. Bætt verði úr húsnæðiskosti skólanna. Bókasöfn og tilraunastofur við hvern skóla. Kennslutæki þau sem fyrir eru í skólum verði betur hagnýtt og bætt við þau. Athugun á fleiri möguleikum um inngöngu í menntaskólana. Lýðræðislegri rammi verði settur um félagslíf í skólum. ... Kynferðisfræðsla verði hafin í skólum. ... Einnig er ályktað að stofna skuli ráð nemenda og skólayfirvalda þar sem nemendur hafi tillögurétt.“

Mikið var talað um kynslóðabil á þessum árum. Slík viðhorf komu greinilega fram í viðtölum sem Morgunblaðið tók við nemendum Vogaskóla árið 1970 en þau birtust 26. mars það ár. Gísli Þorsteinsson var einn viðmælenda en hann vildi meina að „fullorðna fólkið yrði að gera sér grein fyrir hvað viðhorfin hefðu gerbreyst á tiltölulega stuttum tíma og það yrði að leggja sig í líma til að skilja unglíngana.“ Sömu skoðanir komu fram hjá Önnu Sigurðardóttur en hún sagði jafnframt „að fullorðna fólkið skildi ekki að unglíngar lifðu í allt öðrum heimi en það, fyrst og fremst vegna þess að unglíngarnir væru aldir upp á svo ólíkan hátt og næstu kynslóðir á undan. ... Hún sagði það væri gremjulegt hvað fullorðna fólkið teldi sig hátt yfir unglíngana hafið... Oft virðist fullorðna fólkið telja að ekki væri orðum á unglíngana eyðandi, nema þá til að hreyta ónotum eða hneykslast á þeim. ... En unglíngarnir vildu vera

frjálsir - að minnsta kosti að vissu marki. Unglíngar vildu ekki eilíf bönn— en kannski eftirlit. Þeir vildu geta farið í friði út að skemmta sér, en þeim stæði engan veginn á sama ef foreldrarnir væru algerlega afskiptalausir.“ Ekki er ólíklegt að Anna hafi með orðum sínum komist að kjarna málsins. Æskan vildi njóta aukins frelsis en kallaði um leið eftir skilningi og þátttöku hinna fullorðnu í lífi þeirra.

Anna snéri talinu því næst að skólanum þar sem hún ítrekaði mikilvægi þess að tekið væri mið af þörfum æskulýðsins. Grípum aftur niður í sama viðtal: „Hún sagði að yfirleitt leiddist unglíngum að vera í skóla og þættu kennarar — sérstaklega þeir af eldri kynslóðinni ógnarlega staðnaðir og áhugalausir ... Kennarar milli tvítugs og þrítugs væru margir mun betri, þeir töluðu við unglíngana og það væri meiri innblástur í þeim og meira líf. Þeir segðu nemendum fleira og þeir skildu þá betur.

Og það sem væri kannski mest um vert: þeir töluðu við unglíngana eins og alvöruneskjur.“ Af orðum hennar að dæma mátti greina kynslóðabil meðal kennara og hefur svo örugglega verið um skóla landsins yfirleitt. Og Anna var ekki af baki dottin þegar kom að því að halda uppi málstað æskunnar eins og eftirfarandi orð bera með sér: „Anna sagði að unglíngarnir hugsuðu mikið um framtíðina og reyndu að gera sér ljóst hvað þeir vildu. „Þegar á heildina er litið,“ sagði hún „erum við ekki nærri eins léttúðug og ábyrgðarlaus og fullorðna fólkið vill vera láta.““

Hröð þróun eftirstríðsáranna kom sérstaklega skýrt fram um og upp úr 1970. Konur tóku sífellt meiri þátt í atvinnulífinu í stað þess að vera heimavinnandi eins og tíðkast hafði. Um leið riðluðust kynjahlutverkin sem höfðu verið tiltölulega fastmótum um aldir. Skólinn tók að sjálfsgöðu mið af breytingunum sem kom m.a. fram í því að sjálfsgagt þótti að strákar færu í heimilisfræði svo þeir væru jafn vel í stakk búnir til að taka þátt í heimilisstörfum og stelpurnar þegar fram liðu stundir. Var Vogaskóli meðal fyrstu skóla til að taka upp þá nýbreytni.

Á sama tíma urðu kröfur um „skóladagheimili“ háværandi. Foreldrar sættu sig æ verr við að börnin hefðu götuna að leiksvæði auk þess sem eftirlit hinna fullorðnu minnkaði eftir því sem atvinnuþátttaka kvenna jókst og fleiri ólust upp hjá einstæðum mæðrum. Það þótti því merkur áfangi þegar fyrsta skóladagheimilið tók til starfa í Reykjavík við Skipasund 80 en það þjónaði einkum börnum í Langholts- og Vogaskóla. Málagn Kvennrettindafélags Íslands, 19. júní, gerði málefnið skil 19. júní 1971 þegar fyrsti vetur dagheimilisins var að baki. Þar kom fram að heimilið hafi komist á laggirnar fyrir forgöngu Félags einstæðra foreldra og sé það vonum seinna að Íslendingar fari að taka við sér en slík úrræði hafi verið til staðar um árabíl í nágrennalöndunum. En hvernig var starfssemi dagheimilisins háttað? Við grípum niður í frásögn blaðsins: „Börnin koma á heimilið á morgnana áður en þau fara í skóla og dvelja síðan þar milli þess þau sækja ýmsa aukatíma. Hádegisverð og eftirmiðdagshressingu fá börnin á heimilinu, kennarar eru til leið-

beiningar við heimanám og auk þess hefur börnunum verið búin ágæt aðstaða til að iðka hvers konar holla tómstundaiðju, úti sem inni.“

Hinum svokölluðu skóladagheimilum fjölgaði smám saman á næstu árum en það tók þó langan tíma að fullnægja eftirspurninni enda voru það einkum einstæðir foreldrar sem komu börnum sínum að lengi vel. Heimilin sönnuðu þegar gildi sitt og héldu skólastjórar Langholts- og Vogaskóla því fram að námsárangur og hegðun þeirra barna sem þar voru hefði tekið miklum framförum „við aukið öryggi og aðhald.“

Breyttir samfélagshættir urðu til þess að hlutverk skólanna varð sífellt víðameira. Það var ekki nóg að veita nemendum almenna fræðslu og búa þá undir atvinnulífið. Skólanum var einnig ætlað að hlúa að velferð barna og lesa þeim ákveðnar lífsreglur. Má í þeim efnum nefna umferðarfræðslu og baráttu gegn reykingum en hvort tveggja varð snarliður í öllu skólastarfi á áttunda áratugnum.

Skóli á tímamótum

Mikil tímamót urðu í Vogaskóla haustið 1971 þegar fjórði áfangi skólans var loks fullbyggður eftir töluverða vaxtaverki. Fram að því hafði skólastarf farið fram í þremur stökum húsum en nú var tengibyggingin loks komin. Öll aðstaða gjörbreyttist en í hinni nýju byggingu var m.a. kennarastofa, stjórnendaráymi, bókasafn, sérgreinastofur og almennar kennslustofur. Þá fékk Vogaskóli einnig langþráðan sal til íþrótt- og samkomuhalds. Má segja að hálfgerð neyðarástand hafi ríkt í



skólanum um árabíl eins og eftirfarandi frétt í Þjóðviljanum frá 7. október 1967 bar með sér: „Lengi hefur staðið til að byggja 4. áfanga skólans, en framkvæmdir hafa hvað eftir annað dregið úr hömlu. ... Leikfímkennsla verður að fara fram í íþróttahöllinni í Laugardal [barnadeild skólans sótti þó enn leikfími í Hálogalandi]. Það þýðir að til þess að ná einni kennslustund í leikfími þarf að nota tíma sem samsvarar þremur kennslustundum. Þar sem engar sérkennslustofur eru enn til, verður kennslan í mörgum greinum mun fátækari en hæfilegt er. Skólaeldhús vantar og fer matreiðslukennslan fram í Safnaðarheimili Langholtssafnaðar. Enda þótt aðstaða þar sé fjarri því að vera fullnægjandi fyrir kennslu, er þó um mikla bót að ræða frá því sem var, meðan matreiðslukennslan fór fram á fjórum stöðum í borginni. ... Skólastjórinn er á svo miklum hrakhólum að þurfi að tala einslega við nemendur í kyrrð og næði, eins og oft hlýtur að koma fyrir, er vandfundinn staður til þess. Skólalæknir hefur heldur ekkert afdrep og húsvörður á sér

engan samastað.“

Nemendafjöldi Vogaskóla náði einmitt hámarki um þær mundir sem fyrrgreind skrif birtust í Þjóðviljanum. Nemendum tók nú að fækka. Börn Vogahverfis uxu úr grasi en nýliðun var lítil í hverfinu enda taldist það fullbyggt. Skömmu eftir að Vogaskóli var loks fullbyggður birtist frétt í Morgunblaðinu þar sem sagt er frá þeim skjótu umskiptum sem orðið höfðu. Grípum niður í umfjöllun blaðsins frá 7. nóvember 1972: „Þegar barnafjöldinn var mestur í hverfinu komst árgangurinn í barnaskólanum upp í 3,5% af íbúafjölda. En þar hefur fækkað svo nú að árgangurinn er kominn niður fyrir 2% af íbúafjölda.“ Rétt er að geta þess að hér er einungis miðað við yngsta aldurshópinn en þar kom fækkunin fyrst fram.

Nemendafjöldi Vogaskóla náði hámarki veturinn 1966-1967 þegar nemendur urðu alls 1623. Nemendum fækkaði um rúmlega 1000 á tíu ára tímabili. Skólaárið 1976-1977 voru þeir 585. Hin mikla fækkun varð til þess að ráðamenn borgarinnar tóku að leiða hugann að því að færa ung-



lingastig skólans yfir í Langholtsskóla svo auðveldara yrði að halda úti fjölmennari bekkjum. Stóð borgin í samningaviðræðum við ríkisvaldið um að afhenta Menntaskólanum við Tjörnina þann hluta húsnæðisins sem myndi losna við flutninginn. Átti með því að leysa húsnæðisvandræði menntaskólans en um leið að bjóða upp á framhaldsmenntun í austurbænum. Ekki leið þó á löngu þar til mótmælarraddir heyrðust. Þótti mönnum hart að loks þegar skólinn væri kominn í viðunandi húsakynni ætti að skerða þjónustu hans við hverfisbúa. Minnkaði það jafnframt vonir foreldra um samfelldari skóladag en þær raddir urðu sífellt háværari að tímabært væri að koma á einsetnum skóla. Með fækkun nemenda jukust möguleikar skólans á að hýsa alla nemendur á sama tíma. Fór að lokum svo að yfirvöld hættu við að flytja unglíngastigið frá skólanum vegna mótmæla foreldra og kennara. Menntaskólinn við Tjörnina fékk þó hluta af húsnæði Vogaskóla en upp frá því nefndist hann Menntaskólinn við Sund eða einfaldlega MS.

Helgi Þorláksson lét af skólastjórn árið 1981. Vísir tók hann tali og birtist viðtalið þann 15. júní en þar greindi hann blaða-

manni m.a. frá þeim breytingum sem höfðu orðið á skólastarfinu á þeim árum sem hann var við stjórnvölinn: „Maður er ekki alltaf ánægður í ábyrgðarstarfi sem þessu, því fylgir oft að taka erfiðar og óvinsælar ákvarðanir, en þegar á heildina er litið hefur þetta verið ánægjulegt. Sérstaklega finnst mér jákvætt hversu samband foreldranna við skólana hefur aukist því á mínum fyrstu árum sem kennari þótti það beinlínis óviðeigandi að forráðamenn barnanna stæðu í beinu sambandi við kennara.“

Guðmundur Guðbrandsson tók við skólastjórn árið 1981 en hann var áður kennari við skólann. Nemendum hélt áfram að fækka og ekki leið á löngu þar til borgaryfirvöld reyndu aftur að freista þess að flytja elstu árganga skólans í Langholtsskóla. Kröftug mótmæli kennara og foreldra urðu til þess að borgaryfirvöld gáfu aftur eftir. Fræðsluráð Reykjavíkur samþykkti snemma árs 1982 að verða við eindregnum óskum um að skólahlald yrði áfram með sama hætti og áður.

Reykjavíkurborg hafði markað sér þá stefnu að koma á samfelldum skóladegi hjá nemendum frá tíu ára aldri. Það

gekk þó illa að framfylgja þeim fyrirheitum. Vogaskóli átti auðveldara með að ná þeim markmiðum eftir því sem nemendum fækkaði og því áttu margir erfitt með að skilja viðleitni borgaryfirvalda til að leggja unglíngadeild skólans niður. Helgarpósturinn gerði málinu skil í umfjöllun sem birtist 12. mars 1982 og komu eftirfarandi sjónarmið þar fram: „Í Vogaskóla er ástandið dálítið öðruvísi. Þar eru tiltölulega fáir nemendur og hjá eldri árgöngunum er skólinn einsettur, allir eru í skólanum fyrir hádegi.“

Baráttan fyrir óbreytt skólastarf Vogaskóla hafði hleypt lífi í foreldrastarf hverfisins. Öflugt foreldrafélag kom til sögunnar og leitaðist það við, ásamt kennurum skólans, að snúa vörn í sókn. Efndi foreldra- og kennarafélag Vogaskóla til fræðslufundar með það að leiðarljósi að vekja athygli á málefnum grunnskólans. Morgunblaðið gerði fundinum skil í umfjöllun 30. apríl 1982 og var þar rætt við Margréti Þorvaldsdóttur, formann foreldra- og kennarafélag skólans, og gerði hún grein fyrir sjónarmiðum félagsins: „Markmið foreldra- og kennarafélagsins í Vogaskóla er að skólinn sé einsetinn og stundaskráin samfelld og bekkjarstærðir hóflegar... Við vonumst til þess að þessi fræðslufundur verði upphafið að gagnlegum umræðum um skólamál og að því að foreldrar verði betur upplýstir af skólayfirvöldum um þær stefnur sem taka á í skólamállum áður en þær koma til framkvæmda, svo þeir geti haft einhver áhrif þar á.“

Það var þó ekki fyrr en haustið 1994 sem einsetning komst að fullu á í Vogaskóla og var það í fyrsta skipti sem öll börn skólans mættu á sama tíma á morgnana.

Pann vetur gátu fimm reykvískir grunnskólar boðið upp á samfelldan skóladag en á næstu árum fjölgaði þeim smám saman og hafði það miklar byggingaframkvæmdir í för með sér en framan af voru málin leyst til bráðabirgða með svokölluðum færanlegum skólastofum og var svo einnig í Vogaskóla.

Guðmundur lét af skólastjórn árið 1996 og tók Bergsveinn Auðunsson við af honum og stjórnaði skólanum í tvö ár en 1998 tók Guðbjörg Halldórsdóttir við stöðu skólastjóra. Skömmu eftir að hún kom til starfa fór starfsfólk Vogaskóla í mikla reisu til Kanada til að kynna sér slóðir Vestur-Íslendinga og mynda tengsl við fólk af íslenskum uppruna. Sagt var frá ferðinni á síðum Morgunblaðsins 9. júní 1999 og voru skólastjóri og Sigrún Björnsdóttir kennari tekin tali: „Krakkar af íslenskum uppruna í Gimli, Riverton og Árborg hafa mikinn áhuga á að kynna Íslandi. Þess vegna ætlum við að koma af stað tölvusamskiptum milli skólabekkja á Íslandi og í Manitoba. Þetta verður aldamótaverkefni hjá okkur,“ sagði Guðrún Halldórsdóttir skólastjóri, en 30 kennarar og starfsfólk Vogaskóla hafa verið á ferðalagi um Manitoba fylki undanfarna daga. „Okkur langaði að sjá hvernig Vestur-Íslendingar hefðu plumað sig hér í Kanada og svo átti skólinn okkar 40 ára afmæli. Þess vegna ákváðum við að fara hingað í kynnisferð,“ sagði Sigrún Björnsdóttir kennari. „Við höfum verið að skoða skóla og kynna okkur mismunandi vinnuaðferðir.““ Það var vissulega full ástæða til að bregða sér yfir bæjarlækin á stórafmæli skólans en utanlandsferðir hafa jafnframt orðið snarari þáttur í öllu skólastarfi á síðari

árum. Starfsfólk skólans eykur fagþekkingu sína í ríkari mæli með því að sækja námsskeið og skoða skóla erlendis svo fátt eitt sé nefnt. Á síðustu árum hafa nemendur einnig átt kost á að bregða sér út fyrir landssteinana með því að taka þátt í Evrópusamstarfsverkefnum sem unnin eru í samstarfi við evrópska skóla. Liður í því eru skólaheimsóknir þar sem nemendur hitta erlenda félagasína, gista hjá fjölskyldum þeirra, vinna saman að verkefnum og kynnast landi og þjóð.

Nýjar áskoranir

Hið hraða hnattvædda tækni-samfélag hefur skapað fjölmargar áskoranir á nýrri öld. Vogaskóli hefur lagt sig eftir að mæta þeim áskorunum með því að tileinka sér eftir föngum nýjungar í tækni og kennsluáttum. Um leið hefur skólinn vakandi auga með nýjum hugmyndum í skólastarfi s.s. hvernig megi bregðast við einelti, bæta skólabrag og efla ábyrgð nemenda á eigin námi svo fátt eitt sé nefnt. Þá hefur Vogaskóli lagt áherslu á að virkja nemendur, opna augu þeirra fyrir eigin rétt-

indum og efla þá til sjálfstæðra vinnubragða. Má í því sambandi nefna að árið 2004 var skólinn gerður að móðurskóla í nemendalýðræði, lífsleikni og mannréttindafræðslu.

Skólinn átti um tíma í töluverðri varnarbaráttu þegar til stóð að leggja unglíngadeildina niður eins og áður segir. Framundan var hins vegar uppbyggingarskeið. Meðal annars varð ljóst að nauðsynlegt væri að stækka skólann því nemendum var tekið að fjölga á nýjan leik. Ekki þótti rétt að skerða skólalóðina og því varð að ráði að rífa eina af álmum skólans og reisa nýja í staðinn sem tæki betur mið af nútímapörfum. Morgunblaðið gerði grein fyrir framkvæmdunum 10. desember 2006 en þar kom fram að nýbyggingin væri „hönnuð út frá hugmyndum um einstaklingsmiðað nám þar sem opin rými, samvinna, samkennsla og öflugt samstarf verður kjarni skólastarfsins.“ Fréttablaðið fjallaði einnig um málið og tók nýbakaðan skólastjóra, Jónínu Ólöfu Emilsdóttur, tali um það leyti sem skólinn tók til starfa í nýju húsnæði. Grípum niður í frásögn blaðsins sem birtist 21. ágúst 2007: „Vogaskóli við Gnoðarvog



byrjar vetrarstarfið við aðrar og betri aðstæður en síðustu ár. Þar er risin bygging fyrir fyrstu sjö bekkina. „Þessi nýbygging er falleg og björt og rammar okkur vel inn, eins og sjá má,“ segir Jónína Emilsdóttir skólastjóri brosandí og sýnir hið nýja húsnæði skólans. „Hér verða 270 börn samtímis því kennsla 1. til 7. bekkis verður á efri hæðinni og á neðri hæðinni eru stjórnunarálman, mötuneytið, kaffistofan og bókasafnið. ... Yngsta stigið hefur verið í gömlu verslunarhúsnæði í Sólheimum síðustu tvö árin og 5. og 6. bekkur voru í skúrum hér á lóðinni, en 7. bekkur í viðbyggingu við eldra skólahúsið,“ lýsir hún.“

Nýbyggingin gerbreytti allri aðstöðu innan skólans en hún vakti jafnframt athygli fyrir góða hönnun sem rímaði við þær byggingar sem fyrir voru og hlaut hún svonefnd sjónlistarverðlaun ársins 2007. En þó umgjörðin skipti vissulega miklu hlýtur skólastarfið sjálf að vera meginmálið. Þar er ekki einungis átt við hefðbundið nám heldur ekki síður margvíslega valkosti sem standa nemendum til boða. Má í því sambandi nefna áherslu skólans á stuttmyndagerð. Árangurinn hefur enda ekki látið á sér standa en nemendur skólans hafa verið sigursælir í stuttmyndakeppni grunnskólanna.

Eitt helsta hlutverk skólans er að gæta þess að nemendum líði vel og að þeir séu í sem bestum tengslum við sjálfa sig og aðra. Í hnattvæddum heimi þar sem jákvæð samskipti verða sífellt mikilvægari skiptir meginmáli að auka skilning manna á milli og leitast við að koma í veg fyrir hofmóð og ríð. Má í þeim efnum nefna samstarf nemenda í Laugardal sem ganga í Langholts-, Laugalækjar- og Vogaskóla. Þeir hafa undanfarin ár haldið keppni í margvíslegum íþróttum og þrautum í Laugardalshöll en deginum líkur með svonefndu kærleiksballi. Mótið, sem nefnist Laugardalsleikarnir, er því fremur til gamans en afreka enda er meginmarkmiðið að efla vinabönd nemenda í fyrrgreindum skólum.

Vogaskóli leggur ekki síður áherslu á sjálfsstyrkingu nemenda til að gera þeim sem best kleift að takast að við síaukið áreiti nútímasamfélagsins. Vogaskóli hlaut nýverið „Foreldraverðlaun“ Heimilis og skóla fyrir verkefnið „Láttu þér líða vel“. Guðrún Geirsdóttir, myndmenntakennari skólans, hefur

stjórnað verkefninu en það byggist á því að kennarar og nemendur skapi ró með því að hugleiða saman. Fréttablaðið greindi frá verkefninu 13. september 2018 þar sem Guðrún var tekin tali. Þar segir m.a.: „Upphaf verkefnisins Láttu þér líða vel má rekja til þátttöku Vogaskóla í verkefni Landlæknisembættisins um Heilsueflandi grunnskóla. „Okkur fannst að ef við værum með prógramm sem styddi börn til að líða betur þá væri líka auðveldara að hjálpa þeim að læra. Þannig yrði til grunnur að byggja á,“ segir Guðrún Gísladóttir, teymisstjóri verkefnisins. ... Guðrún segir ljóst að fólk í dag, bæði börn og fullorðnir, sé útsett fyrir áreiti, sérstaklega frá samfélagsmiðlum. „Það er alltaf eitthvað að trufla okkur og við erum sjaldnast með sjálfum okkur. Hugleiðsla getur hjálpað okkur að horfa inn á við, lenda í eigin skrokki og takast á við verkefni sem fyrir liggja.“

Góður skóli hlýtur að hafa velferð nemenda að leiðarljósi. Hann þarf að hvetja hvern og einn til dáða með því að ýta undir frumkvæði og efla ábyrgðarkennd. Er það í samræmi við stefnu Vogaskóla um uppeldi til ábyrgðar. Það er við hæfi að enda þetta ágríp með stuttri frásögn af fyrrum nemanda skólans, Vilborgu Örne Gissurardóttur, sem í dag er þekkt sem afrekskona í útivist. Með því að setja sér markmið og framfylgja þeim af einurð hefur henni tekist að takast á við stærstu áskoranir s.s. að ganga Suðurljósi og klífa Everest, hæsta fjall heims. Árangur hennar er ekki hvað síst áhuga-verður sé litið til þess að æskuár hennar voru að mörgu leyti erfið eins og fram hefur komið í viðtölum við hana. Los komst á fjölskylduna eftir nokkurra ára búsetu í Vogahverfi vegna hjónabandsörðugleika foreldra hennar. Við grípum niður í viðtal við Vilborgu sem birtist í DV þann 1. nóvember 2013: „Þessi ár fjölskyldunnar einkenndust af miklu rötleysi. Við fluttum nærri því á hverju ári. Það var mér til gæfu að halda áfram skólagöngunni í Vogaskóla. Þar átti ég mína traustu vini og vinkonur sem ég hef ræktað venskap við síðan. Ég lagði á mig að vakna eldsnemma á morgnana hvar í borginni sem ég bjó og tók strætó hálf sjö í skólann.“ Megi saga hennar verða öðrum hvatning. Hún er til vitnis um að skólinn er einn helsti miðpunktur samfélagsins.





2018 - 2019

